

AUGLÝSING

um breyting á reglum nr. 39/1992, um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

1. gr.

2. másl. 3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Í heimildinni skal tilgreindur fjöldi ferðadaga og gistinátta.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Annar ferðakostnaður en fargjöld skv. 4. gr. greiðist af dagpeningum sem ákveðnir eru af ferðakostnaðarnefnd, annars vegar vegna gistikostnaðar og hins vegar vegna fæðis og annars kostnaðar. Greiðsla fyrir hverja ferð ræðst þannig af fjölda gistinátta og ferðadaga (brottfarar- og komudagur meðtalinn).

3. gr.

Breytingar þessar öðlast gildi hinn 1. nóvember 1994.

Fjármálaráðuneytið, 20. október 1994.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.

AUGLÝSING

um gildistöku EES-reglugerðar um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

1. gr.

Með vísun til meginmáls EES-samnings, viðauka II, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirfarandi reglugerðar.

Reglugerð ráðsins nr. 2455/92 um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

2. gr.

EB gerð þessi sem vísað er til hér að ofan hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 468-473.

3. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum, og 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 21. október 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Lúðvík Bergvinsson.